

L Ö G

52

25. maí

um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins.

2. gr.

Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og sild og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fiskisölu til bæjarbúa í Reykjavík.

Það skal og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, ef slíkar tilraunir hafa í för með sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis.

4. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda.

5. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúrumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

7. gr.

Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra.

52

25. maí

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrtækja eða samtökum samvinnufélaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

53

25. maí

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927,
um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 40% skattsins renni í félagsheimilassjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- c. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal $\frac{1}{3}$ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en $\frac{2}{3}$ til kennslukvikmyndasafns.
- d. 25% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.